

Útskriftarnemendur og fjölskyldur, skólameistari, starfsmenn og allir þeir sem horfa á þessa útsendingu í dag.

Kæru útskriftarnemendur, fyrir hönd skólanefndar VA, flyt ég ykkur og fjölskyldum ykkar hamingjuóskir með þennan merkisáfangu sem þið fagnið hér í dag. Þetta eru og verða alltaf mikil tímamót í ykkar lífi. Sum ykkar eru nú komin með starfsréttindi og halda út á vinnumarkaðinn, aðrir halda til áframhaldandi náms eða staldra nú við og velta fyrir sér framtíð sinni. Hver sem ákvörðun ykkar verður þá hafið þið lokið veigamiklum áfanga í lífinu og aflað ykkur þekkingar og grunns í veganesti til framtíðar. Þá vona ég að þið farið úr ykkar námi í VA með góðar minningar um skólann og veru ykkar í honum. Það er alltaf sérstakt fyrir skóla að sjá á eftir nemendum við útskrift. Þrátt fyrir að því fylgi söknuður, að vissu leyti, þá er það líka stolt fyrir skólann að skila af sér nemum og fá nýja inn í staðinn að hausti.

Þá vona ég að þetta verði gleðidagur hjá ykkur sem þið eigið eftir að minnast lengi og þið náðið að gleðjast í dag með ykkar nánustu þrátt fyrir að við séum enn bundinn af sóttvarnaðgerðum.

Við útskrift í hér á síðasta ári varð mér tíðrætt um þær aðstæður sem við höfum búið við í öllu okkar lífi vegna Covid-19 og hafa haft ýmsar breytingar í för með sér fyrir okkar umhverfi. Umhverfi VA hefur ekki farið varhluta af því eins og þið hafið öll reynt og gert svo vel, bæði nemendur, kennarar og starfsfólk. Fjartæknin, sem er orðinn svo mikill hluti af lífi okkar, hefur þar reynst vel. En ekki síður hvernig unnið hefur verið með þær takmarkanir og fundnar á þeim lausnir til að hafa námið og umhverfi þess í sem bestum skorðum í skólanum okkar. Þessu öllu hafa fylgt miklar áskoranir og það hefur ekki verið síður aðdáunarvert núna, eins og á síðasta ári, að sjá ykkur nemendurna taka þátt í þessu og aðlaga að þessum aðstæðum líkt og á síðasta skólaári.

Þá er ekki síður þakkarvert hvernig skólameistari, kennarar og starfsfólk VA hafa brugðist við þessum síbreytilegu aðstæðum og unnið úr þeim hverju sinni þannig að skólahald hefur verið í föstum skorðum og útskrift samkvæmt venju að vori hér í dag. Þetta er ekki sjálfgefið við aðstæður eins og þær sem verið hafa í samfélaginu öllu og fyrir það færi ég ykkur öllum bestu þakkir frá skólanefnd og held að ég megi örugglega gera frá samfélaginu öllu hér í Fjarðabyggð. Og líkt og ég hef árlega sagt við þessa athöfn, þann tíma sem ég hef verið formaður skólanefndar VA, að það sem skapar skóla eru ekki byggingar, þó þær þurfi að vera til staðar, heldur er það fólk sem að baki honum stendur og samfélagið allt.

Það að hafa skóla eins og VA hér í samfélaginu á Austurlandi er gríðarlega mikilvægt og það þarf ég varla að segja ykkur. Ekki bara er hann mikilvægur fyrir þá sem hér búa til að geta sent börn sín til mennta fyrstu árin að lokinni skólaskyldu og þurfa þannig ekki að senda þau um langan veg í aðra landshluta. Hann er líka mikilvægur sem menntastofnun fyrir atvinnulífið sem verknámsskóli, bóknámsskóli fyrir þá sem hyggja á lengra nám og ekki síður sem vinnustaður í samfélaginu fyrir fólk með fjölbreytta menntun. Og þá er hann líka nauðsynlegur hluti menningar og félagslífs sem gerir samfélagið blómlegra hér. Og það er okkur mikið hagsmunamál að efla þátt menntunar í austfirsku samfélagi til framtíðar. Stór liður í því er að tryggja fjárhagslegar undirstöður framhaldsskólanna okkar eins og VA til að endalaus orka fari ekki í baráttu um slíkt á hverju ári. Við eigum nefnilega öll að sitja við sama borð hvað grunninnviði varðar hvar sem við kjósum að búa á landinu og þar er menntun grunnstoð.

Nú hillir í opnun háskólaútibús á Austurlandi, í samstarfi Háskólans á Akureyri og Háskóla Reykjavíkur, sem taka mun sín fyrstu skref á Reyðarfirði í haust þegar frumgreinadeild tekur til starfa. Tækninám á háskólastigi í staðnámi hefst svo á næsta ári ásamt þjónustu við annað háskólanám. Ég tel í þessu felist mikil tækifæri fyrir austfirsk samfélag og ekki síður VA. Þrátt fyrir að frumgreinadeildin sé kannski á svipuðum grunni og okkar nám þá er hún undanfari háskólanámsins sem mun efla samfélagið og höfða til okkar nemanda líka sem felur í sér sóknarfæri fyrir VA ekki síst með í huga tengsl hans við þarfir atvinnulífsins og samtvinningu við árherslurnar sem verða á tækninám á háskólastigi sem verður í samstarfi við fyrirtækin hér í fjórðungnum. Ég er fullviss að það felast bara aukin tækifæri fyrir skólann okkar og samfélagið allt við þetta.

Þá var það ekki síður mjög mikilvæg sú breyting sem gerð var nú í vor á Alþingi er frumvarp um aðgengi iðnmenntaðra að háskólanámi var samþykkt. Þrátt fyrir að ýmislegt eigi eftir að þroskast í meðförum þessa máls á háskólastiginu er þetta afar mikilvægur áfangi fyrir jöfnun stöðu iðn- og bóknáms sem margrædd hefur verið á síðustu árum. Það er ánægjulegt að sjá aðgerðir eins og þessa en ekki bara fögur fyrirheit í ræðum ráðamanna á hátíðarstundum. Í mínum huga er þetta einn leiðarsteinninn í þeirri vegferð sem við höfum verið í hér í VA, eins og aðrir verknámsskólar, til eflingar þeirra með það mikilvæga nám sem þar er stundað fyrir samfélagið allt.

Þá skulum við ekki gleyma því að fjórða iðnbyltingin er hafin og einn af þeim þáttum sem þarf að vera til staðar til að hún geti verið möguleiki um land allt er námsframboð við hæfi.

Þá var það mjög ánægjulegt að komið skyldi á samstarfi VA, Fjarðabyggðar, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins á þessu ári um rekstur FAB LAB, stafrænu smiðjunnar okkar til næstu ára. Hún mun nú opna að nýju á komandi hausti fyrir almenning og skólasamfélagið hér fyrir austan sem er mjög mikilvægur áfangi.

En kæru útskriftarnemar, í dag er ykkar stund. Njótið hennar vel. Þið eruð stolt skólans við námslok eins og VA er stolt samfélagsins. Þakka ykkur fyrir að hafa valið VA. Það á að vera metnaður okkar sem hér búum að nýta okkur hann enda hefur hann sýnt og sannað í gegnum tíðina að hann skilar vel menntuðum nemendum frá sér.

Þá vill ég nota tækifærið hér fyrir hönd skólanefndar VA og þakka Lilju Guðnýju Jóhannesdóttur Skólameistara kærlega fyrir samstarfið. Lilja er að láta af störfum hjá okkur og ætlar sér að takast á við ný verkefni. Samstarf okkar við hana hefur verið afar gott og farsælt og aldrei vafi að hún hefur borið hag skólans mjög fyrir brjósti og unnið af kappi til að styrkja hann sem mest. Við óskum henni velfarnaðar í nýju starfi og okkar bestu kveðjur.

Ég endurtek hamingjuóskir til ykkar og fjölskyldna með áfangann og vona þið náðið að halda vel upp á hann þrátt fyrir að ýmsar takmarkanir séu enn á samkomuhaldi eins og áður sagði. Og hafandi verið einu sinni í ykkar sporum þá veit ég að ýmsir hyggja á að halda vel upp á þetta sem eðlilegt er. Þið gerið það bara fallega.

Til hamingju öllsömul og megi ykkur farnast vel í framtíðinni.